



## Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa október 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 29. september

Aukafundur haldinn vegna leikskóla. Fundinn sátu Áki Guðmundsson, Eyrún Kr. Júlíusdóttir og Aldís Gunnlaugsdóttir.

Aldís var búin að kynna sér málefni dagvistunar á Borgarfirði Eystri.

Foreldrar barna á leikskólanum fá senda tilkynningu um breytingu á starfinu. Reikningar verði framvegis sendir út frá skrifstofu. Skoða þarf hvernig eigi að standa að afleysingu Aldísar t.d. ef veikindi eða forföll koma upp. Gjaldskrá verður skoðuð.

### Fundur 4. október

Fundur haldinn ásamt fulltrúum frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands.

Rætt var um stöðu fjarskipta. Rætt var um hvaða þýðingu útgerð og fislvinnsla hefði og hvort/hvaða tækifæri væru til sóknar í atvinnumálum. Rætt var um stöðu í landbúnaði o.f.l. Atvinnuþr.fél. Aust. mun fá senda og skoða umsókn um byggðarkvóta og athugar hvort þeir geti nýtt sér hana.

### Fundur 5. október

Farið var yfir hugmyndir félagsmálaráðuneytisins um fyrirhugaðar sameiningar sveitafélaga, sem eru á vefsíðu ráðuneytisins: [www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is) undir liðnum “átak um eflingu sveitarstjórnunarstigsins” og er hún 74 síður. Skýrslan var rædd meðal hreppsnefndarmanna og ákveðið var að hafa samband við forsvarsmann sameiningarnefndar sveitafélaganna, Guðjón Bergsson, vegna annars sameinigarkosts, en það er sameining Vopnafjarðahrepps, Skeggjastaðahrepps, Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps. Sameiningarnefnd leggur ekki fram slíka tillögu en hvetur til umræðu um kosti og galla á sameiningu þessara sveitarfélaga. Hreppsnefnd er sammála að það sé ekki heppilegur kostur að vera jaðarbyggð í þessu sameiningarferli.

Farið var yfir tilboð í nýja vatnslögn fyrir Vatnsveitu Skeggjastaðahrepps. Í boði er 110 \* 6,3 mm. PEH 100, sem eru 2 km. og kostar 847.381,5 kr. Hitt tilboðið er 2 km. af plastlögn PEH 100, 110 \* 4,3 mm. og kostar 608.918,1 kr. Ákveðið var að ganga að dýrari kostinum þar sem þykkt rörsins er meiri.

Farið var yfir tekjulið fjárhagsáætlunar fyrir árið 2005. Almenn umræða um fjárhagsáætlunina, vigtarmál hafnarinnar er óvissumál.

Bréf barst frá fulltrúaráði Héraðsskjalasafns Austfirðinga, fjárhagsáætlun og ársskýrsla lögð fram til kynningar.

Niðurstöður vatnssýna bárust frá HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands) vegna mælinga á því þann 21. september 2004. Einnig barst bréf er varðar aðalfund HAUST, meðfylgjandi var fjárhagsáætlun og dagskrá fundar.

Skýrsla um umsókn Skeggjastaðahrepps ásamt rökstuðningi, frá Jóni Jónssyni hjá Lögmannsstofunni Regula, var lesin og send áfram til Sjávarútvegsráðuneytistins þann 29. september 2004.

Bréf barst frá Skólaskrifstofu Austurlands um boðun á aðalfund sem haldinn verður 15. október 2004. Einnig barst ársreikningur þeirra.

Bréf barst frá Hafnarsambandi sveitarfélaga og boðun á Hafnarsambandsþing þann 28-29 október 2004. Einnig kom bréf þess efnis að sveitarfélög eru hvött til þess að birta hafnargjaldskrár. Auk þess barst bréf er varðar endurskoðun hafnarlaga nr. 61/2003

Bréf barst frá Lánasjóði sveitafélaga þar sem tilkynnt er um vaxtalækkun á lánum, úr 4,5% í 4%.

Bréf barst frá Umhverfisstofnun um fund um ný lög um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig kom boð á ársfund sem haldinn verður 8. október 2004.

Bréf barst frá SÍS (samband íslenskra sveitafélaga) um ráðstefnu um staðardagskrá 21 þann 9. október. Einnig barst bréf vegna 18. landsþings ,25-27 september 2002, um að taka lög þess til endurskoðunar innan tveggja ára með það að markmiði að fulltrúaráð þess verði lagt niður og landsþing haldið árlega.

Fundargerð barst frá Barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðahrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Bréf barst frá SSA (samband sveitafélaga á Austurlandi) ásamt fundargerð og samþykktum aðalfundar.

Bréf barst frá Félagsmálaráðuneyti þar sem kynntur er málskotsréttur einstaklinga.

Bréf barst frá Fasteignamati Ríkisins er varðar fasteingaskrá.

Bréf barst frá Menntamálaráðuneyti um breytta námsskipan til stúdentsprófs.

Bréf barst frá Snerpu ehf. er varðar kostnað við uppsetningu búnaðar til þess að tengjast internetinu þráðlaust um þorpið með leigulínu frá Landssímanum. Ákveðið var að styrkja verkefnið með hlutdeild í upphafskostnaði allt að 350 þúsund kr.

Tölvupóstur barst frá Orkustofnun er varðar breytingu á lögum 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunar á köldum svæðum. Hægt er að skoða lögina á vefsíðu Orkustofnunar [www.os.is](http://www.os.is).

Drög að samkomulagi um brunavarnir í Vopnafjarðahreppi, Skeggjastaðahreppi, Þórshafnarhreppi og Svalbarðshreppi tekin til umfjöllunar. Skiptar skoðanir eru um sameiningu og ákveðið að fresta málinu til næsta fundar.

Teikn á Lofti eru á eftir áætlun með gögn, þar með talið útboðsgögn með einingaverðum varðandi vatnstank og lögn frá vatnsbóli. Haft verður samband við Halldór til þess að ýta á eftir verkefninu.